

EFNASKIPTAAÐGERÐIR OG MEÐGANGA

ICD-10 greining:

Z98.8 - Annað tilgreint ástand eftir skurðaðgerð

Algengustu aðgerðir við offitu eru stillanleg magabandsaðgerð, magaermi, magahjáveituaðgerð og mini-hjáveita. Þær hafa allar í för með sér minnkun á magarúmmáli og draga þannig verulega úr matarlyst og fæðuinntöku en magahjáveituaðgerð og mini-hjáveita geta að auki dregið úr frásogi snefilefna úr meltingarvegi.

Almennt er ráðlagt að bíða með þungun í eitt og hálf til tvö ár eftir efnaskiptaaðgerð. Það er bæði til þess að ávinningur af aðgerðinni og þyngdartap gangi sem best og það dregur úr líkum á vaxtarseinkun, fyrirburafæðingum og þörf á innlögn á vökudeild hjá börnum kvenna sem farið hafa í slíkar aðgerðir.

Engin sérstök vandamál eru tengd fæðingu hjá þessum hópi kvenna.

Konur sem hafa farið í efnaskiptaaðgerð og saga er um blæðingu eftir aðgerðina, ættu ekki að taka hjartamagnýl í fyrirbyggjandi skyni. A.ö.I. er efnaskiptaaðgerð ekki frábending séu áhættuþættir til staðar

EFTIRFYLGD Á MEÐGÖNGU:

Auk hefðbundinnar meðgönguverndar skv. vinnuleiðbeiningum ÞÍH, skimana og ráðlegginga um bætiefni:

Í upphafi meðgöngu:

- Mæla blóðhag, B12, ferrítín, calcium, D-vítamín og fólínsýru
- Mælt er með að konur taki eftirfarandi bætiefni daglega:
 - Fjölvítamín (athuga að A vítamín sé á beta caroten og ekki retinol formi).
 - D-vítamín 2000 - 4000 AE, fer þó eftir D-vítamín búskap konu.
 - Kalk (Calcium sítrat) 1200-1500 mg.
 - Fólínsýra 800 microg fyrir getnað og fyrstu 12 vikur meðgöngu.
 - B12 vítamín 350-500 mcg. Ef mælist <300 þá er ráðlagt inj. B12 vítamín 1mg á 3ja mánaða fresti.
 - Járn 100 mg annan hvern dag.
- Þjóða viðtal við næringarfræðing ef minna en 2 ár eru frá aðgerð
- Meta þörf á viðtali við næringarfræðing ef meira en 2 ár eru frá aðgerð
- Vaxtarmat við 32 vikur og 36 vikur
- Viðtal við fæðingarlækni á fyrri hluta meðgöngu ef minna en eitt ár er liðið frá aðgerð

Við 28 vikur

- Mæla blóðhag, B12, Ferrítín

Við 34 vikur

- Mæla blóðhag, B12, Ferrítín

Konur sem hafa farið í magabandsaðgerð eru hvattar til að hafa samband við teymið sem sér um eftirfylgd m.t.t. þess að stilla af vökvamagn í bandinu en æskilegt er að tæma úr því við 35 vikur.

GOTT AÐ HAFA Í HUGA

Gagnlegar upplýsingar er að finna á vef [ÞÍH – Næringarsvið](#) um eftirfylgd með næringarástandi, mataræði og bætiefnum eftir efnaskiptaaðgerð:

- Mataræði og hegðun kringum mat og máltíðir
- Blóðprufur og bætiefni
- Helstu vandamál tengd næringu
- Sturtæming maga (dumping syndrome) eftir efnaskiptaaðgerð